



SAMBAND ÍSLENSKRA PRÓFUNARSTOFA

Aðalfundur SÍP haldinn í húsakynnum Frumherja að Parabakka 3 24. maí. kl 15:00 2018

Mættir: Hrólfur Sigurðsson (HS), Elísabet Sólbergisdóttir (ES), Stefán Jóhann Björnsson (SJB), Guðrún Eva Jóhannsdóttir (GEJ), Hallgrímur S. Hallgrímsson (HSH), Elín Ásgeirsdóttir (EÁ)

Ritari: Hrólfur Sigurðsson.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta aðalfundar lögð fram til samþykktar.
2. Formaður skýrir frá störfum félagsins á liðnu ári.
3. Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga félagsins.
4. Félagsgjöld ákveðin.
5. Kosning stjórnar.
6. Formaður kosinn.
7. Skoðunarmaður reikninga kosinn.
8. Lagabreytingar (engar tillögur hafa komið fram um lagabreytingar).
9. Önnur mál.

Fundur settur kl 15:05

1. Fundargerð síðasta aðalfundar var samþykkt.
2. Stefán lagði fram skýrslu stjórnar og fór yfir hana.
3. Hallgrímur lagði fram endurskoðaða reikninga og voru þeir samþykktir. Hallgrímur sendir Elísabetu upplýsingar um reikning frá Eurochem. Á að vera stílað á SÍP.
4. Lagt var til að félagsgjöld verði óbreytt þ.e. 45.000 kr á ári og var það samþykkt einróma.
5. Elísabet Sólbergisdóttir, Hrólfur Sigurðsson, Guðrún Eva Jóhannsdóttir og Hallgrímur S. Hallgrímsson halda áfram í stjórn. Elín Ásgeirsdóttir var kosin í stjórn og Stefán Jóhann Björnsson hættir í stjórn.
6. Elísabet Sólbergisdóttir bíður sig fram til formanns og er kosin með öllum greiddum atkvæðum.
7. Jón hjá Nýsköpunarmiðstöð er kosinn skoðunarmaður.
8. Engar lagabreytingar hafa verið lagðar fram.
9. Nýta á sjóð til að greiða niður námskeið á nýja ISO staðlinum 17025. Ákveðið var að halda stjórnarfund þriðjudaginn 26. Júní kl 12 á Messinum á Granda.

Fundi slitið 15:49